



Reglur um Ungmennaráð Skagafjarðar

sbr. lög nr. 70/2007

1. gr.

Hlutverk Ungmennaráðs er

- að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Skagafirði.
- að gera tillögur til félagsmála- og tómstundanefndar og sveitarstjórnar um hvernig best væri að standa að forvarnarmálum ungmenna.
- að leggja fram tillögur um það hvernig æskilegt væri að haga starfsemi stofnana sveitarfélagsins.
- að gera tillögur um þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Ungmennaráð skal skipað 7 einstaklingum á aldrinum 14-20 ára sem skulu hafa lögheimili í Skagafirði. Ráðið kys sér sjálft formann, varaformann og ritara.

Félagsmála- og tómstundanefnd skipar Ungmennaráð að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:

- Nemendafélag Árskóla skipar tvo fulltrúa og tvo til vara.
- Nemendafélag Varmahlíðarskóla skipar einn fulltrúa og einn til vara.
- Nemendafélag Grunnskólans austan Vatna skipar einn fulltrúa og einn til vara.
- Nemendafélag Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.
- UMSS tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Við tilnefningar í ráðið skal leitast við að kynjaskipting sé jöfn.
- Tilnefning í ráðið skal gilda frá 1. október, til tveggja ára í senn. Aðeins skal endurnýja helming ráðsins hverju sinni. Tilnefningar skulu vera samkvæmt þessari skiptingu:
 - o Fyrri ár: Árskóli einn fulltrúi, Varmahlíðarskóli einn fulltrúi, FNV einn fulltrúi og UMSS einn fulltrúi.
 - o Seinna ár: Árskóli einn fulltrúi, Grunnskólinn austan Vatna einn fulltrúi og FNV einn fulltrúi.

3. gr.

Ungmennaráð Skagafjarðar skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu. Til þess að svo megi verða getur Ungmennaráð t.a.m. staðið fyrir opnum fundum, ungmennabingum, kosningum og öðrum viðburðum sem eru líklegir til að draga fram sjónarmið ungs fólks í sveitarfélaginu.

4. gr.

- Ungmennaráð fundar reglulega yfir skólaárið, að lágmarki tvisvar á hvorri önn.
- Dagskrá funda er ákveðin af formanni Ungmennaráðs í samráði við frístundastjóra og send út með tveggja vikna fyrirvara.
- Félagsmála- og tómsbundanefnd og Ungmennaráð skulu halda sameiginlegan fund tvisvar á skipunartíma Ungmennaráðs en oftast ef þurfa þykir. Ungmennaráð skal funda einu sinni á skipunartíma sínum með sveitastjórn.
- Félagsmála- og tómsbundanefnd skal boða 2 fulltrúa ráðsins á fund nefndarinnar þegar fjalla á um mál sem snertir ungmenni í sveitarfélaginu.
- Kostnaður vegna starfsemi Ungmennaráðs greiðist úr sveitarsjóði, fer samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.
- Fundir Ungmennaráðs skulu skráðir og skal fundargerð send til félagsmála- og tómsbundanefndar. Fundargerðir Ungmennaráðs skulu vera opinberar og aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Um starfshætti Ungmennaráðs fer samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarskög sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- Frístundastjóri er tengiliður Ungmennaráðs við stjórn sveitarfélagsins og félagsmála- og tómsbundanefnd. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar í málum sem ráðið tekur til umfjöllunar.

Samþykkt á fundi félagsmála- og tómsbundanefndar 1. desember og sveitastjórnar 14. desember 2022

Málsnr. 2211066